

Föstudaginn 30. maí 1947.

Nr. 59/1946. **Einar Guðjónsson** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Hreppsnefnd Sandvíkurhrepps f. h. hreppsins

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómarar Einar Arnalds borgardómari og
Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hrd.
Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Árfýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 4. apríl f. á. skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 30. s. m., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að ónýta lögtak hreppstjóra. Svo krefst árfýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt skýrslum máls þessa átti árfýjandi heimili á Selfossi, þegar útsvar það, sem í málinu greinir, var á hann lagt. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 600.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Árfýjandi, Einar Guðjónsson, greiði stefnda, hreppsnefnd Sandvíkurhrepps f. h. hreppsins, kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Árnassýslu 31. desember 1945.

Ár 1945, mánudaginn 31. desember, var í fógetarétti Árnassýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Selfossi af fulltrúa fó-

geta, Óla Hermannssyni, kveðinn upp úrskurður í fúgetaréttarmálinu: Hreppsnefnd Sandvíkurhrepps gegn Einar Guðjónssyni. Oddvitinn í Sandvíkurhreppi hefur með bréfi, dags. 22. des. 1944, krafizt lögtaks hjá Einari Guðjónssyni, Klauf-Hamri, Selfossi, á ógreiddu útsvari til Sandvíkurhrepps, að upphæð kr. 75.00, sem lagt var á 12. júní 1944. Lögtaksúrskurður var uppkveðinn þann 5. janúar 1945.

Þann 29. jan. 1945 framkvæmdi svo hreppstjóri Sandvíkurhrepps lögtaksgerð hjá Einari Guðjónssyni. Gerðarþoli var viðstaddur gerðina og neitaði að greiða hið umkrafða útsvar og taldi sig ekki útsvarsskyldan til Sandvíkurhrepps árið 1944.

Lýsti hreppstjóri því næst yfir, að gerðin yrði látin fara fram. Kröfu sína byggir gerðarbeiðandi á því, að gerðarþoli, Einar Guðjónsson, hafi komið til Selfoss og gengið í þjónustu Kaupfélags Árnésinga þann 1. sept. 1943 og fengið greitt í kaup kr. 5863.00 fyrir árið 1943, og sé útsvarslagningin miðuð við þær tekjur einar. Þegar niðurjöfnun útsvara fór fram 12. júní 1944, var Einar Guðjónsson enn í fastri atvinnu á Selfossi, og telur gerðarbeiðandi því með skirskotun til 8. gr. útsvarslaganna, að niðurjöfnunarnefndin hafi réttilega lagt útsvar á hann þar í hreppnum, þar sem verið hafi hans raunverulega heimili.

Mótmæli sín byggir gerðarþoli á því, að hann hafi allan tímann, sem hann hefur dvalið á Selfossi, átt lögheimili í Berjanesi, Vestur-Landeyjahreppi í Rangárvallasýslu, hafi talið þar fram og greitt gjöld sín þar, og leggur fram kvittun frá oddvita Vestur-Landeyjahrepps fyrir greiðslu á útsvari árið 1944. Enn fremur leggur gerðarþoli fram vottorð frá hreppstjóra Vestur-Landeyjahrepps um heimilisfesti þar og telur sig aldrei hafa verið skráðan á manntal í Sandvíkurhreppi og leggur fram vottorð sóknarprestsins í Hraungerði því til staðfestingar. Gerðarbeiðandi hefur mótmælt því, að lögheimili gerðarþola árið 1944 hafi getað verið annars staðar en á Selfossi í Sandvíkurhreppi og telur annað heimilisfang sýndarheimilisfang, til þess eins upp tekið að skjóta sér undan gjaldskyldu til Sandvíkurhrepps. Gerðarþoli hefur krafizt þess, að lögtaksgerðin verði úr gildi felld og málskostnaðar eftir mati réttarins. Enn fremur hefur hann með skirskotun til laga nr. 95 frá 1936 krafizt þess, að úr því verði skorið í lögregluréttarmáli samkvæmt þeim lögum, hvar telja beri hann heimilisfastan, og telur, að óheimilt hafi verið að ganga til lögtaks fyrr en úrskurður í því máli væri fallinn.

Það er ágreiningslaust í máli því, er hér liggur fyrir, að gerðarþoli hefur frá 1. sept. 1943 haft aðsetur og fasta atvinnu á Selfossi. Aftur á móti hefur ekkert komið fram í málinu, er bendi til þess, að gerðarþoli hafi á sama tíma verið í nokkrum þeim tengslum við hið fyrra heimilisfang, er réttlætt geti, að hann teldi sér þar heimili

áfram. Raunverulegt heimili hans hefur því verið á Selfossi, og vilji gerðarþola, að telja sér heimili annars staðar, er því þýðingarlaus, því að lögheimili manns verður ekki talið annars staðar en þar, sem hann dvelst og hefur atvinnu sína, sbr. hæstaréttardóm frá 19. júní 1940 í málinu nr. 31/1940.

Útsvarið verður því að telja réttilega lagt á gerðarþola í Sandvíkurhreppi og í samræmi við 8. gr. útsvarslaganna, sem kveður svo á, að þar skuli útsvar lagt á gjaldþegn, sem hann hafði heimilisfang vitanlega eða samkvæmt manntali næst á undan niðurjöfnun. Í þessu sambandi skiptir það heldur ekki máli, hvar gjaldþegn lætur skrá sig á manntal eða í hvaða tilgangi, ef það er annar staður en sá, sem vitanlegt er, að hann dvelur í raun og veru. Sú staðhæfing gerðarþola, að lögtakið hafi verið óheimilt og brotið í bága við 10. gr. laga nr. 95 frá 1936, fær ekki stáðizt. Í 10. gr. nefndra laga segir svo: „... en ekki má innheimta þau gjöld fyrr en máli því, er um ræðir í 6.—9. gr., er lokið, enda fer þá um greiðsluskylduna eftir niðurstöðu málsins.“ Nú hefur ekki verið um það deilt, að gerðarþoli hefur verið búsettur í Sandvíkurhreppi síðan 1. sept. 1943, þótt hann teldi sjálfur heimilisfang sitt annars staðar, og hefur ekki neitt mál verið höfðað til að fá úr því skorið, hvar heimilisfesti hans væri, en hin tilvitnuðu orð verður að skilja með þeim fyrirvara, að málið sé höfðað, því að umrædd gjöld yrðu að öðrum kosti aldrei innheimt. Nú hefur viðkomandi hreppsnefnd ekki sýnt, að hún teldi þörf slíkrar málshöfðunar, en hún hlýtur að verða að dæma um það sjálf, hvort hún telji þá þörf fyrir hendi og vilji fara þá leið. Hér er því ekki um það að ræða, að bíða þurfi eftir niðurstöðu annars máls, eins og gert er ráð fyrir í 10. gr. nefndra laga, enda engar líkur til þess, að niðurstaða þess máls mundi á nokkurn hátt skera úr um það, sem hér er deilt um, því niðurstaða þess máls mundi aðeins kveða á um heimilisfangið, en ekkert um greiðsluskyldu á útsvari, sbr. hæstaréttardóm frá 19. júní 1940 í málinu nr. 31/1940, og þess vegna væri slík málshöfðun með öllu þýðingarlaus í þessu sambandi. Eftir þessum úrslitum verður að synja gerðarþola málskostnaðar.

Því úrskurðast:

Lögtaksgerðin á að standa óröskuð.